

## Fundargerð byggingarnefndar fyrir nýjan skóla í Björkurstykki

\*\*\*\*\*

### 25. fundur byggingarnefndar fyrir nýjan skóla í Björkurstykki fimmtudaginn 19. mars 2020. Fundurinn var með rafrænum hætti gegnum fundarbúnaðinn Teams kl. 14:00.

Mætt frá byggingarnefnd: Arna Ír Gunnarsdóttir, formaður, Tómas Ellert Tómasson, Hrund Harðardóttir og Magnús Gíslaon. Emættismenn: Óðinn K. Andersen, Atli Marel Vokes, Eiríkur Steinn Búason, Verkís og Þorsteinn Hjartarson sem ritaði fundargerð. Birgir Edwald og Helga Sighvatsdóttir boðuðu forföll. Mætt frá hönnuðum: Ögmundur Skarphéðinsson og Ólafur Hersisson frá Hornsteinum, Arinbjörn Friðriksson og Kári Gunnarsson frá Eflu.

- 1) Eiríkur Steinn setti fund og bauð fundarmenn velkomna.
- 2) Farið í nýtt minnisblað sem kom frá hönnuðum fyrir hádegi. Fulltúar frá Hornsteinum og Eflu kynntu lóðarmörk fyrsta áfanga. Bílastæði ekki malbikuð í fyrsta áfanga.
- 3) Liður A. Heimasvæði minnkað en samkvæmt húsrýmisáætlun var einu hópherbergi kennara ofaukið, gangur hefur einnig verið stytur í fyrsta áfanga. C) fjölnotasalur reistur og lokað gagnvart matsal en ekki innréttað ekki að innan í fyrsta áfanga.
- 4) Heimasvæði minnkuð um 20m<sup>2</sup>. Vinnuherbergi kennara minnkar um 15m<sup>2</sup>. Svo þarf ekki að innrétt hluta af kaffistofu kennara í fyrsta áfanga.
- 5) Fjölnotasalr. Gangur óg rými deildarstjóra ekki innréttað, lettir veggir ekki reistir.
- 6) Suzuki salur ekki innréttaður en reistur (193m<sup>2</sup>) en rýmið aflokað fyrst um sinn.
- 7) Lækkun salhæðr í húsinu. Telja að salarhæðin geti verið 3,80.
- 8) Í fyrst væri hægt að innrétt heimilsfræði- og smíðastofur sem almennar stofur en auðvelt að breyta þeim í sérgreinastofur þegar á þarf að halda.
- 9) Hægt að fresta dýrum hlutum í kerfum án þess að taka þá út. Hægt að auka gæðin síðar, svo sem rafkerfi, m.a. Smáspennukerfa en sjá fyrir öllum lagnaleiðum o.fl. Verða strengjaúrdrættir kláraðir? Dreigið verður í sumt síðar. Leiðarljósið er að loka ekki dyrum gagnvart seinni áföngum og þá er kannski komin nýrri tækni. Þarf að gera ráð fyrir slíku. Oft eru stóru tölurnar í jaðarbúnaði.
- 10) Farið í kostnaðaráhrifin af sparnaðartillögum. Samtals er þetta um 300 milljónir kr. með vsk., þ.e. hvað varðar framkvæmdakostnað. Hitt sem nefnt hefur verið hjá sveitarfélaginu þarf að vinna lengra að mati hönnunarteymis. Ánægja með þessar sparnaðartillögur.
- 11) Lagt til að aukinn þóknunarkostnaður verði lagður fram með skýrum hætti til sveitarfélagsins. Það þarf að taka til formlegrar meðferðar svo hægt sé að halda áfram með verkefnið. Það þarf að stilla allt af svo við getum sett okkur á réttan kúrs. Samtalið hefur verið farsælt á undanförunum vikum.

- 12) Umræða um hvernig þessi tillaga tengist fyrri tillögum. Gott að teymið gæti leyst úr þessu saman á lausnamiðaðan hátt.
- 13) Hönnuðir lögðu áherslu á að halda göngurýmum opnum og rúmum.
- 14) Planlausnin í húsinu 4480 m<sup>2</sup> og er 600 m<sup>2</sup> stærri en upprunalega tillagan. Farið yfir helstu skýringar. Anddyrið vestan megin hluti af skýringunni. Leggja áherslu á gott aðgengi bæði austan og vestanmegin. Þessi áfangi er hjartað í húsinu (miðjan) sem tekur mið af fullbyggðum skóla.
- 15) Umræða um heimilisfræðikennslu í húsnæði 1. áfanga.
- 16) Fjölnotasalur, uppsetning á kórum og tvær lofthæðir. Leitast við að hafa niðurtekið loft ein hátt og mögulegt er. Hægt að sýna þetta betur með öðru sniði. Það sem varðar hljóðvistina þá sjá hönnuðir tækifæri í að hafa hana í lagi með aðstoð hljóðvistarhönnuðum.
- 17) Fjallað um rafkerfið, þ.e. frestun uppsetningu smáspennukerfa, aðgangskortakerfi o.fl.
- 18) Nú höldum við áfram með hönnunina á þessum grundvelli.
- 19) Er hætt á því að sé verið að hanna jafnhliða framkvæmdum spyr Magnús Gíslason. Það er þrengt að tímanum en það eru til leiðir, svo sem að einhver hluti innréttinga bíði en sjálf byggingin sé boðin út. Hönnun meginhluta verksins á að geta verið á áætlun.
- 20) Þétt samstarf við eiganda áfram skiptir miklu svo allt gangi vel. Markmiðið er að skilja ekki neitt eftir.
- 21) Hvernig liggur þá verkefnisáætlun hönnunarteymis út? Nú þarf að bretta upp ermar. Allt verður sett á fullt þegar grænt ljós er komið. Hönnuðir eru tilbúnir að taka þátt í spretthlaupi með sveitarfélaginu. Grænt ljós til hönnuða að vinna út frá því sem fram hefur komið á fundinum. Byggingarnefndin er til ráðstöfunar áfram og leitast verður við að afgreiða álitamál fljótt og vel.
- 22) Næstu skref eru að halda hönnunarvinnu áfram og leggja svo það sem þarf að fjalla um í nefndinni sem fyrst.
- 23) Næsti fundur verður boðaður þegar nær dregur. Næstu dagar eru þéttastir í samtalinu að mati hönnuða. Grunnur þarf að koma frá hönnunarhópnum.

Fundi slitið kl. 15:20.